

Fundur í umhverfisráði Hvolsskóla 28. maí 2009

Á dagsskrá fundarins:

1. Starfið framundan
2. Hvernig virkja á nemendur sem mest og best
3. Önnur mál

1.

Það kom fram að allir kennarar Hvolsskóla fara á námskeið í útikennslu í ágúst og er því hugmyndin að auka verulega útkennslu á öllum stigum næsta vetur og auka þannig áhuga nemenda á umhverfi sínu.

Ákveðið var að taka allar pappírspurrkur út á haustdögum og vera eingöngu með handklæði á salernum og við vaska í skólastofum en þar hafa verið handklæði í vetur.

2.

Það er heilmikið að gerast á öllum stigum og var ákveðið að vera með fundi með nemendum og stafsmönnum í haust þar sem þeir eru hvattir til dáða og að umhverfsmennt verði höfð að leiðarljósi í öllu starfi. Kynna enn frekar fyrir stigunum mikilvægi flokkunar sorps og sparnaði á pappír.

Umsjónarmanni grænfánaverkefnisins var falið að kanna hjá Ólafi Oddssyni hvað kostaði fyrir allan skólann að fá námskeið í „Lesið í skóginn, tálgað í tré“ á haustdögum.

3.

Umsjónarmanni grænfánaverkefnisins var falið að skrifa bréf til sveitarstjórnar og gera athugasemd við merkingar á gámasvæðinu og umgengnina þar. Einnig að áréttu bréf sem sent var til sveitarstjórnar sama efnis.

Fundi slitið og allir fóru hressir og kátir út í góða veðrið og vorið